

Nr. 101

7. september 2015

FORSETAÚRSKURÐUR

**um breytingu á forsetaúrskurði nr. 72/2013, um skiptingu starfa ráðherra,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskráinnar, laga um Stjórnarráð Íslands og forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti, er hér með gerð eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði, nr. 72/2013, um skiptingu starfa ráðherra, sbr. forsetaúrskurði um breytingar á þeim úrskurði nr. 90/2014, nr. 116/2014 og nr. 142/2014:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. úrskurðarins:

1. Í stað orðanna „og 10. tölul.“ í 1. mgr. komi: og a.-d. liðum 10. tölul.
2. Í stað orðanna „og 7.-9. tölul.“ komi: 7.-9. tölul. og e.-lið 10. tölul.

2. gr.

Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 7. september 2015.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

A-deild – Útgáfud.: 8. september 2015